

Árið 2023 kvatt í góðu veðri



Landsmenn kvöddu árið 2023 á sunnudag, í Snæfellsbæ var mikið skotið upp og ekki að sjá að bæjarbúar væru þjakaðir af samviskuþiti vegna ástands í loftlagsmálum. Hefðin er sterk og í gegnum tíðina hefur það tíðkast að heilu fjölskyldurnar eða jafnvel

íbúar heillar götu hafi tekið sig saman, keypt saman mikið að tertum og flugeldum að þannig orðið til staðbundnar sýningar.

Stærsta sýningin var þó vegleg flugeldasýning sem björgunarsveitin Lífsbjörg baut upp á við brennuna á Breið á gamlárskvöld.

Fengu slökkviliðið í heimsókn



Slökkvilið Snæfellsbæjar hefur haft það fyrir sið að heimsækja nemendur í grunnskólanum reglulega, í þessum heimsóknum hafa fulltrúar slökkviliðsins verið með fræðslu um eldvarnir.

Meðal þess sem farið var yfir er nauðsyn reykskynjara, einnig hvað þarf að varast í meðferð elds

og hvernig er best að tryggja öryggi á heimilum t.d. með slökkviltækjum og eldvarnarteppum.

Á meðfylgjandi mynd eru fulltrúar slökkviliðsins ásamt nemendum og kennara í 3. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar þegar slökkviliðið kom í heimsókn í desember.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Jólamót Tauffélags Snæfellsbæjar

Laugardaginn 30. desember fór jólaskákmót Tauffélags Snæfellsbæjar fram í Áttthagastofu Snæfellsbæjar. Um var að ræða hraðskák sem 14 keppendur tóku þátt í og var keppt í yngri og eldri flokki. Í yngri flokki bar Stefán Karvel Kjartansson sigur úr þýtum með 10,5 vinninga og áttu svo þrír keppendur 2. til 4. sæti saman með jafntefli, þeir Stefán Arnar Jóhannsson, Gunnar Smári Ragnarsson og Víglundur Orri Heimisson með 8 vinninga hver. Í eldri flokki landaði Sigurður Scheving 1. sætinu með 12.5 vinningum, Rafn Guðlaugsson var í 2. sæti með 12 vinninga og Gylfi Scheving í því 3. með 11 vinninga. Sigursælasta daman hlaut einnig verðlaun en það var hún Elma Lís Scheving. Iðkend-



ur af öllu nesinu mættu á skákmótið, jólaandinn var allsráðandi og heppnaðist mótið virkilega vel í alla staði. Tauffélag Snæfellsbæjar stefnir að því að hafa jólamótið árlegt líkt og hefðin var hér áður fyrir.

SJ



Söfnun jólatrjáa



Söfnun jólatrjáa fer fram
í Ólafsvík, Rifi og á Hellissandi
sunnudag 7. janúar



Íbúar eru beðnir um
að setja trén út að lóðamörkum
þar sem að þau verða sótt.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Getraunir 1x2

Við viljum þakka öllum þeim fjölmörgu, sem komu í getraunakaffi hjá okkur á árinu, sem var að líða og styrkdu Víking með kaupum á nokkrum röðum í getraununum. Vonumst til að sjá sem flesta á þessu nýja ári, sem gengið er í garð. Það var góð mæting í getraunakaffi hjá okkur á laugardaginn var, síðasta dag ársins 2023. Nokkrir voru getspakari en aðrir og til dæmis einn aðili, sem tippaði hjá okkur var með 12 rétt úrslit á sínum seðli, sem skilaði vinning upp

á tæplega 140 þúsund krónur. Góð ávöxtun hjá viðkomandi. Þessi aðili fær fleiri tækifæri í vetur til að ná sér í góðan vinning hjá okkur því við verðum í Áttthagastofunni alla laugardaga í vetur á milli klukkan 11 og 12. Kaffi á könnunni og allir velkomnir. Tilvalið að freista gæfunnar, fylla út getraunaseðil, eina röð eða fleiri og styrkja Víking í leiðinni.

Áfram Víkingur

Skautasvell í Grundarfirði



Í vikunni milli hátíða var mikil veðurblíða, stillt veður og frost. Greip Slökkvilið Grundarfjarðar tækifærið og útbjó heimatilbúið skautasvell á bílplaninu gegnt Grunnskóla Grundarfjarðar. Síðustu ár hefur Slökkviliðið sprautað vatni á bílplanið þegar aðstæður leyfa sem frýs svo og úr verður skautasvell. Veður-

breytingar gera það að verkum að svellið er ekki mjög varanlegt og með ögn hækkuðu hitastigi eða rigningu er ísinn fljótur að láta sig hverfa. Það dregur þó ekki úr gleðinni sem ungir sem aldnir upplifa við að skella á sig skautunum og njóta útiverunar á meðan svellið stendur.

SJ

Prettándabrenna

Lionsklúbbanna í Ólafsvík

Á þrettándaðanum 6. janúar kl. 18 verður gengið frá Pakkhúsinu að brennu rétt innan við félagsheimilið á Klifi.

Gengið verður í fylgd álfadrottningar, álfakóns, álfameyja og púka auk mennskra manna.

Við brennuna verður flugeldasýning.

Íbúar Snæfellsbæjar og nærsveita eru hvattir til að mæta í gönguna og taka þátt í að kveðja jólin.



Lionsklúbbarnir í Ólafsvík

Innanhúsmót CF SNB

Crossfitsstöðin CF SNB stóð að innanhúsmóti í crossfit milli jóla og nýárs. 9 tveggja manna lið tóku þátt í mótinu og var keppnishugur í fólki og mikil stemning, bæði hjá keppendum og áhorfendum. Mótið samanstóð af tveimur Amrap12 æfingum sem þýðir að keppendur taka eins margar umferðir og þeir mögulega geta á 12 mínútum og gerðu allir sömu æfingarnar. Veitt voru verðlaun fyrir 1. sætið og það voru þeir



Gylfi Freyr Karlsson og Kristgeir Kristinsson sem unnu vörur frá Hreysti, Sportvörum og Bætiefnabúllunni fyrir besta árangurinn. Anna Kara Eiríksdóttir og Alma Rún Kristmannsdóttir voru í 2. sæti og Margrét Eva Einarsdóttir og Gestheiður Guðrún Sveinsdóttir lentu í 3. sæti. Að mótinu loknu bauð stöðin iðkendum og gestum á Pub quiz á Reks og voru

þar yfir 70 manns saman komin til að gera sér glaðan dag á milli

hátíða og fagna árangri dagsins. SJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Um áramót



Ágætu lesendur Jökuls, hér að neðan mun ég fara yfir árið er varðar framkvæmdir í Snæfellsbæ ásamt ýmsu öðru.

Árið

Á landsvísu eru það jarðhræringarnar á Reykjanesi sem standa upp úr á árinu. Ég finn til með Grindvíkingum sem búa við gríðarlega óvissu, það er erfitt að setja sig í spor þeirra sem flýja þurftu heimili sín og fyrirtæki og vita ekki hvort eða hvenær hægt verður að snúa aftur.

Nýja árið leggst vel í mig, það er margt spennandi framundan á árinu. Að sjálfsögðu vonast ég til þess að það fari nú eitthvað að róast í heiminum og að stríðandi aðilar nái að semja um frið á öllum vígstöðvum. Stríð ættu að heyra sögunni til, þau leysa engin vandamál. Það er mikilvægt að fólki fari að sýna hvert öðru meiri samkennd og hlýju og reyni að vinna að lausn vandamála með samtali ekki með vopnum. Ég vona líka hér heima að við náum tökum á verðbólgunni og vöxtunum með skynsamlegum aðgerðum og kjarasamningum því það skiptir miklu máli fyrir okkur öll.

Þjóðgarðurinn

Þau ánægjulegu tíðindi gerðust á árinu að Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi var formlega opnuð 24. mars. Opnunarhátíðin tókst afar vel og var mikil fjöldi fólks viðstaddur opnunina, Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku og loftslagsráðherra á

um það verk. Í dag eru fastir starfsmenn Þjóðgarðsins orðnir 7 auk sumarstarfsmanna. Mikill fjöldi ferðamanna heimsótti Þjóðgarðinn, jafnframt kom mikill fjöldi fólks á Gestastofuna á Malarrífi og í Þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi. Segja má að hin nýja Þjóðgarðsmiðstöð hafi slegið í gegn og er mikil ánægja bæði með starfseminu í húsinu og húsið sjálft. Það er því óhætt að segja að framtíðin er björt í Þjóðgarðinum.

Hátíðarhöld

Á árinu var Ólafsvíkurlvaka haldin og tókst hún með miklum ágætum og alltaf gaman þegar fólk hittist og á góða daga. Þessi hátíð er að frumkvæði íbúana og algerlega þeirra framtak sem er afar farsælt að mínu mati.

Umhverfismál

Umhverfismálin eru okkur Snæfellingum alltaf ofarlega í huga. Á árinu fór mikil vinna fram á vegum Svæðisgarðsins í umhverfismálum. Stefnt er að umsókn um að Snæfellsnes verði Unesco MAB svæði. Ef okkur tekst að fá vottun tel ég að það muni hafa mikil og góð áhrif á svæðið og mikil viðurkenning á starfi okkar Snæfellinga að umhverfismálum.

Framkvæmdir í bæjarfélaginu

Eins og undanfarin ár var mikil um framkvæmdir í Snæfellsbæ bæði á vegum sveitarfélagsins og

annarra aðila og ætla ég að fara yfir þær hér að neðan.

Eins og á liðnu ári var höfuðáherslan í framkvæmdum ársins viðhaldsframkvæmdir á eignum sveitarfélagsins

Í ár var farið í töluverða malbiksframkvæmdir í sveitarfélaginu og voru götur og bílastæði malbikuð. Nú eru flestar götur bæjarins komnar með malbik og einungis þær götur eftir þar sem annaðhvort þarf að fara í jarðvegsskipti eða endurnýjun á lögnum sem vonandi tekst að fara í á næstu tveimur árum.

Lokið var við byggingu sex íbúða á Hellissandi á vegum Snældu sem er hlutafélagi á eigu KG-fiskverkunar og Hraðfrystihúss Hellissands en Snæfellsbær á jafnframt lítinn hlut í því félagi.

Á árinu var unnið við að standsetja nýtt hús við Ólafstraup 23 í Ólafsvík fyrir starfsemi Félags eldri borgara í Snæfellsbæ og gert er ráð fyrir að það verði tekið í notkun nú í janúar.

Unnið var við nýja viðbyggingu á stækkun við grunnskólann á Lýsuhóli og bindum við vonir við að í byrjun ársins verði hún tilbúin til notkunar.

Í sundlauginni í Ólafsvík var sett upp ný stór rennibraut sem tekin verður í notkun í vor. Það fór ekki framhjá neinum sem var í kringum þær framkvæmdir að eftirvæntingin vegna komu hennar er mikil hjá yngri kynslóð íbúna sveitarfélagsins. Eins voru settir upp saunaklefar inn í sundlauginni ásamt ýmsu öðru smávægilegu sem bætir aðstöðu sundlaugargesta til muna.

Miklar framkvæmdir voru við grunnskóladeildina á Hellissandi, þak skólans var endurnýjað með

nýjum þakdúk, skipt var nánast um alla glugga hússins og skólinn málaður svo eitthvað sé upptalið sem framkvæmt var þar. Í grunnskóladeildinni í Ólafsvík var skipt um hluta af gluggum hússins, malbikað við húsið ásamt ýmsu öðru viðhaldi.

Farið var í framkvæmdir á Gufuskálum en þar á bæjarfélagið nokkrar fasteignir. Skipt var um þak á einni byggingunni og þak einangrað.

Farið var í framkvæmdir við lóð leikskólans á Hellissandi, þar var helsta verkefnið að skipta um hluta af gluggum og skólinn málaður. Í Ólafsvík var leikskólinn málaður ásamt ýmsu smávægilegu viðhaldi.

Á árinu var sorpmóttökustöðin Enni keypt sem er liður í endurskipulagningu á sorpmálum í sveitarfélaginu. Mikil vinna fólst í undirbúningi á nýju sorpflokkunarkerfi sem m.a. fólst í því að kaupa fleiri ílát og gera útboðsgögn og lauk þeirri vinnu í lok árs með auglýsingu á útboði fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ. Gert er ráð fyrir að nýtt kerfi sorpflokkunar verði tekið í notkun 1. apríl en íbúum verður kynnt það allt saman mun betur þegar nær dregur.

Haldið var áfram við að endurnýja ljósabúnað í gótu ljósum sveitarfélagsins en það mun taka nokkur ár. Verkið felst í því að skipta út eldri ljósum og setja upp mun sparneytnari led lýsingu.

Framkvæmdir hafnarsjóðs

Árið var gott hjá Hafnarsjóði Snæfellsbæjar og þar var landað tæpum 36.000 tonnum sem er



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Starfsmenn Smiðjunnar safna fyrir nýjum saumavélum.

Smiðjan er dagþjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu og er til húsa á Ólafsbraut 55 í Ólafsvík (Snæfellsbæ). Smiðjan flutti í maí 2023 í nýtt og stærra húsnæði og má segja að starfsemin dafni vel á nýjum stað. Hér starfa 11 einstaklingar (6 starfsmenn og 5 leiðbeinendur í fjórum stöðugildum).

Mikil þróun hefur átt sér stað í daglegu starfi Smiðjunnar rúm síðustu tvö ár og eitt af því er að eftirspurn á endurunnum varning hjá okkur hefur aukist. Eitt af okkar stærsta verkefni er tauvinna. Við tökum við taufni úr samfélagi okkar nær og fjær og gefum því nýtt líf.

Svuntur – barnasvuntur – fjölnotapokar í ýmsum stærðum – gjafapokar – blúndupokar – tuskur – viskastykki – þvottapokar – hárandklæði – hundadót – grjónapúðar svo einhvað sé nefnt.

Einnig tökum við vel nýtt bómullarefni og rífum það niður í olíutuskur sem nýtist vel í allskonar iðnaði, jafnvel í bílskúrnum heima. Starfsemin okkar er fjölbreytt og í stöðugri þróun. Hægt er að fylgjast með starfi okkar á facebook síðu okkar **Smiðjan – Ólafsvík**.

Til þess að halda þessari frábæru þróun áfram, þá þurfum við að fara að endurnýja saumavélarnar okkar sem eru komnar til ára sinna.

Tvær nýjar vélar kosta tæplega 250.000 kr.- viljum við kanna áhugann í samfélaginu á að styrkja starfsmenn Smiðjunnar við kaup á 1-2 vélum á nýju ári.

Þeir sem vilja styrkja málefnið geta lagt inn á starfsmannasjóð starfsmanna Smiðjunnar:

Kt.620600-3850

Rkn.0190-05-060436

Skýring/tilvísun: Styrkur

Með von um góðar undirtektir kveðja, starfsmenn Smiðjunnar.



aðeins minna en árið á undan.

Á vegum Hafnarsjóðs var unnið við nýtt stálþil við Norðurtanga í Ólafsvík og lagnir þar. Byrjað var á framkvæmdum við endurbýggingu og stækkun trébyggju við Norðurtangann. Unnið var við endurbætur og stækkun hafnarhússins og gert er ráð fyrir að þeirri framkvæmd ljúki á þessu ári.

Í Rifshöfn var unnið við ýmis viðhaldsverkefni, þar voru bílastæði malbikuð ásamt því að endurnýjuð voru hluti af fríhóltum á bryggjunum.

Í Arnarstapahöfn var hluti af þekjunn malbikaður ásamt því að bílastæði fyrir ofan höfnina var malbikað.

Þrjú sjóvarnarverkefni voru unnin á árinu en þau voru við Ennisbakka og Ólafsbraut í Ólafsvík og síðan var eitt fyrir ofan gömlu bryggjunu á Hellnum.

Listir og menning

Galleríið 3 Veggir var með margar listsýningar á árinu og erum við afskaplega heppin með að listamennirnir Bjarni og Ragnheiður standi fyrir þetta öflugu sýningarhaldi auk þess sem þau sinna sinni listsköpun.

Frystiklefinn var með marga viðburði á árinu sem við gátum notið sem er ómetanlegt fyrir okkar samfélag. Sennilega er Heimaleikurinn sá viðburður sem stendur upp úr af því sem boðið var upp á fyrir íbúanna en þar er afar skemmtileg bíómynd sem segir frá er Reynir Hellissandi fær loksins tækifæri til að vígja fót-boltavöllinn á Hellissandi.

Ferðapjónusta

Mikill fjöldi ferðamanna kom í Snæfellsbæ á árinu og er gesta-fjöldinn að nálgast það sem áður var. Tjaldsvæðin okkar voru mikil notuð og komu tæplega 19.000 gestir á þau á liðnu ári sem er fjölgun um 2000 gesti á milli ára.

Smiðjan

Smiðjan flutti í nýtt og mun stærra húsnæði á árinu sem er til mikilla bóta fyrir starfsemina

Fjármál og fleira

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er góð og voru engin ný langtímalán tekin á árinu sem er mjög ánægjulegt, sérstaklega í ljósi mikilla framkvæmda ársins. Það að geta framkvæmt án þess að taka lán

og greiða niður skuldir skiptir afar miklu máli sérstaklega þegar verðbólgan er þetta mikil.

Á persónulegum nótum

Það var nú margt sem stóð upp úr á árinu 2023, margar góðar samverustundir með fjölskyldu og vinum. Ég fékk þær ánægjulegu fréttir á árinu að dóttir mín ætti von á barni nú í janúar, það verður fyrsta barnabarn okkar hjóna og eftirvæntingin er mikil í fjölskyldunni. Ég naut þess að vera með Helgu minni í golfi á árinu og ég fékk að fara margar ferðir til fjalla að skoða náttúruna og eltast við kindur. Ég kvaddi á árinu móður mína sem var á 94. aldursári og hafði lifað langa og góða ævi en það er alltaf erfitt að kveðja sína nánustu. Ég er einnig stoltur af því að hafa á

Deigi íslenskrar náttúru í september hlotið Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti sem ég lít á sem viðurkenningu fyrir störf okkar Snæfellinga að náttúruvernd og umhverfismálum.

Samstarf innan bæjarstjórnar var afar gott eins og undanfarin ár og mikil samstaða um þau stóru verkefni sem fyrir lágu á árinu. Starfsmenn Snæfellsbæjar sig hafa staðið sig mjög vel á árinu og erum við heppin að hafa á að skipa afar hæfum starfsmönnum sem skilar sér í góðum rekstri sveitarfélagsins.

Að lokum óska ég ykkur öllum gleðilegs árs og þakka samstarfið á liðnum árum. Megi árið 2024 verða okkur öllum farsælt og gott.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri.





Jólaball í Klifi

Sameiginlegt jólaball félagsamtaka í Snæfellsbæ fór fram í félagsheimilinu Klifi fimmtudaginn 28. desember. Kvenfélag Ólafsvíkur, Kvenfélag Hellissands, Lionsklúbburinn Rán og Lionsklúbbur Nesþinga standa að þessum árlega viðburði og mættu tæplega 170 manns á skemmtunina. Börn og fullorðnir dönsuðu í kringum jólatréð og sungu með en Olga

Guðrún Gunnarsdóttir sá um forsönginn og Garðar Kristjánsson spilaði undir. Félagasamtökin buðu upp á veitingar, þrír hressir jólasveinar létu sjá sig og tóku nokkur spor í kringum jólatréð með börnunum. Mikil spenna var þegar rauðklæddu sveinarnir létu sjá sig og lumuðu þeir á góðgæti í pokum fyrir börnin.

SJ

Jökull á Issuu






Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Jólahús Grundarfjarðar

Menningarnefnd Grundarfjarðarbæjar fór 20. desember síðastliðinn í sína árlegu jólahúsa-leit. Leitin bar árangur og fundu þau Jólahús Grundarfjarðar 2023. Húsið stendur við Grundargötu 27 og eru það hjónin Þóra Ólöf Óskarsdóttir og Pétur Hraunfjörð sem eiga heiðurinn af því. Rakel Birgisdóttir, varaformaður menningarnefndar, heimsótti Þóru og Pétur og færði þeim viðurkenningskjal og konfekt. Rakel Birgisdóttir tók meðfylgjandi myndir þegar Pétur tók á mótí verðlauninum.

JJ



 Jökull Bæjarblað
 steinrent@simnet.is
 436 1617



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Gjaldskrá

fyrir kattahald í Snæfellsbæ 2024

1. gr.

Leyfi til kattahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla ketti, en einungis eru leyfðir tveir fullorðnir kettir á hverju heimili.

2. gr.

Um leyfisgjöld

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna kattahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisveiting, kr. 12.200.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 17.450.-

Frestur til að skrá ketti er 2 vikur eftir að köttur er tekinn inn á heimili, en kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Innifalið í eftirlitsgjaldi katta er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, jafnframt merkisgjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

4. gr.

Eftirlitsgjald

Af leyfðum köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- Fyrir hvern kött, kr. 9.900.-

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og köttur er skráður.

5. gr.

Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðra katta skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

- Fyrsta afhending kattar, kr. 11.800.-
- Önnur afhending kattar, kr. 23.600.-
- Fyrsta afhending kattar sem ekki er skráður, kr. 23.600.-

Óheimilt er að afhenda óskráðan kött nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggs á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar vegna handsamaðs kattar.

- Verð pr. sólarhring pr. kött, kr. 2.250.-

6. gr.

Afsláttur af eftirlitsgjaldi

Framvísi eigandi tryggingaskirteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af eftirlitsgjöldum fyrir viðkomandi kött. Þessum skirteinum skal skilað árlega.

7. gr.

Gjalddagi

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunargvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu kattar er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

9. gr.

Annað

Ofangreind gjaldskrá bærarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunargvarnir, samanber samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ nr. 1485/2022.



Snæfellsbær, 7. desember 2023

Gjaldskrá

fyrir hundahald í Snæfellsbæ 2024

1. gr. Leyfi til hundahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla hunda, einnig hunda sem af einhverjum ástæðum eru undanþegnir leyfisgjaldi.

2. gr. Um leyfisgjöld

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr. Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisveiting, kr. 24.000.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 32.350.-

Frestur til að skrá hunda er 2 vikur eftir að hundur er tekinn inn á heimili, en hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

4. gr. Eftirlitsgjald

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- Fyrir hvern hund, kr. 18.000.-

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

Innifalið í eftirlitsgjaldi hunda er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, merkisgjald, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, ásamt umsýslugjaldi sveitarfélagsins.

5. gr. Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðra hunda skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

- Fyrsta afhending hunds, kr. 18.540.-
- Önnur afhending hunds, kr. 37.100.-
- Þriðja afhending hunds, kr. 55.600.-
- Fyrsta afhending hunds sem ekki er skráður, kr. 37.100.-

Öheimilt er að afhenda óskráða hunda nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggs á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

- Verð pr. sólarhring pr. hund, kr. 3.950.-

6. gr. Undanþága frá leyfisgjaldi

Undanþága frá eftirlitsgjöldum er veitt sem hér segir:

- vegna minkahunda og smalahunda á lögbýlum,
- vegna hjálparhunda fyrir fatlaða einstalinga,
- vegna leitarhunda. Leitarhundur er undanþeginn leyfis- og eftirlitsgjaldi ef viðkomandi hundur hefur að minnsta kosti B-viðurkenningu sem gefin er út af viðurkenndum leiðbeinanda. Ljósrit af slíkri viðurkenningu skal afhent við umsókn um niðurfellingu gjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu gjalda sé hundurinn ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

7. gr. Afsláttur á leyfisgjaldi

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti þar sem námskeiðið er haldið, er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund.

Framvísi eigandi tryggingaskirteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund. Þessum skirteinum skal skilað árlega.

8. gr. Gjalddagi

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga sé gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarmir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

9. gr. Annað

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarmir, samanber samþykkt um hundahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Snæfellsbæ nr. 1484/2022.

Snæfellsbæ, 7. desember 2023

